



UMSÖGN

TIL: UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDARÁÐ HAFNARFJARÐAR
FRÁ: BJÖRN PÉTURSSON, BÆJARMINJAVÖRÐUR
MÁLEFNI: UMSÖGN VEGNA STEINHLEÐSLU VIÐ BREKKUGÖTU
DAGUR: 3.11.2020
CC:

Á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar dags. 21. 10. 2020 var óskað eftir umsögn Bygðasafns Hafnarfjarðar um steinhleðslur við Brekkugötu.

Þrátt fyrir að húsin í brekkunni við Brekkugötu hafi flest verið byggð snemma á 20. öldinni stóðu þau lengi vel ekki við neina eiginlega götu heldur einungis í hlíðinni undir hamrinum, Brekkunni. Á fundi bæjarstjórnar í árslok 1918 var samþykkt að kanna kostnað við „lagningu vegar í Brekkunni“ og ákveðið að auglýsa eftir tilboðum í verkið. Í febrúar árið eftir var lögð fram á bæjarstjórnarfundi skýrsla Jóns Ísleifssonar og var samþykkt út frá henni að gata þessi yrði „aukagata“. Eitthvað virðist þetta verkefni þó hafa tafist því það var ekki fyrr en árið 1921 sem veganefnd bæjarins samþykkti að hafist yrði handa við lagningu Brekkugötu og þá einungis frá Lækjargötu og upp að húsi P. V. Snæland (nú Brekkugata 5). Við þessari frétt brugðust aðrir íbúar í Brekkunni með því að skrifa bæjarstjórn bréf þar sem skorað var á bæjaryfirvöld að leggja götuna alla leið upp að Bröttugötu (sem lá frá Sudurgötu og upp að húsi sem nú er nr. 11 við Brekkugötu) eins og áður hafði verið samþykkt í bæjarstjórn. Enda var aðkoman að húsunum þá orðin mjög erfið og var meðal annars tekið fram að ekki væri hægt að koma slökkvitækjum að húsunum ef eldsvoði yrði. Bæjarstjórn varð við þessu og var gatan að lokum lögð árið 1922 og umræddur veggur hlaðinn samhliða lagningu götunnar.

Ekki hafa fundist nein gögn er tengjast kostnaðaráætlun eða tilboðum vegna lagningar Brekkugötu og því er ekki hægt að fullyrða hvort það hafi verið húseigendur eða bæjarsjóður sem stóð að hleðslu veggjarins á lóðamörkum húsanna við götuna. Þess má þó geta að á sama tíma og unnið var að þessu verki var hlaðinn veggur við Lækjargötu sem var lóðareigendum þar að kostnaðarlausu.

Steinhleðslan flokkast ekki sem fornleif enn, þar sem hún er ekki orðin 100 ára. Það kemur þó ekki í veg fyrir að varðveislugildi hennar er mikið og hlutverk hennar í götumyndinni mikilvægt. Er það álit Bygðasafnsins að leita eigi allra leiða til að tryggja tilvist hleðslunnar og varðveita götumynd Brekkugötunnar til framtíðar.

Björn Pétursson,
Bæjarminjavörður Hafnarfjarðar